



ERINDISBRÉF Starfshópur um húsnæði fyrir unga foreldra og börn þeirra „ELLA“

Ábyrgðarmaður: Regína Ásvaldsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs.

Forsaga:

Þegar hefur verið undirritaður kaupsamningur milli Félagsbústaða og verktaka um kaup á 30 íbúðum í fjölbýlishúsi við Elliðabraut í Grafarholti. Ákveðið er að 10 íbúðum verði úthlutað sem sértæku húsnæði fyrir fatlað fólk og 20 íbúðum verði úthlutað sem almennu félagslegu leiguhúsnæði. Íbúðirnar eru tveggja og þriggja herbergja og áætlað er að húsnæðið verði tilbúið vorið 2020.

Hugmynd er um að úthluta 20 íbúðum til ungra einstæðra foreldra sem þurfa stuðning og ráðgjöf t.d. varðandi uppeldislutverk sitt, menntun og/eða atvinnuleit.

Á biðlista eftir félagslegu leiguhúsnæði þann 1. júní sl. eru 52 einstæðar mæður, á aldrinum 19 til 29 ára og 1 einstæður faðir.

Fjöldi einstæðra foreldra yngri en 30 ára og fjöldi barna, á biðlista eftir almennu félagslegu leiguhúsnæði 1. júní 2019.

Fjölskyldugerð	Fjöldi umsækjenda	Fjöldi barna
Einstæður faðir	1	2
Einstæð móðir	52	64
Samtals	53	66

Verkefni starfshóps:

Koma með tillögur og hugmyndir að útfærslu á þjónustu og ráðgjöf fyrir unga einstæða foreldra sem fá úthlutaðu félagslegu leiguhúsnæði tímabundið að Elliðabraut í Grafarholti. Gert er ráð fyrir að samningar séu að hámarki til þriggja ára.

Samráð:

Í starfi sínu skal hópurinn hafa hagsmuni notenda að leiðarljósi og eiga samráð við helstu hagsmunaaðila í málaflokkinum.

Meðlimir starfshóps:

Þóra Kemp, deildarstjóri á skrifstofu velferðarsviðs sem jafnframt er hópstjóri,
Helga Sigurjónsdóttir, deildarstjóri á skrifstofu velferðarsviðs,
Ella Kristín Karlsdóttir, deildarstjóri Þjónustumiðstöð Árbæjar og Grafarholts,
Þuríður Sigurðardóttir, verkefnastjóri í TINNU,
Guðrún Marinósdóttir, verkefnastjóri Barnavernd Reykjavíkur.

Til ráðgjafar:

Kristjana Gunnarsdóttir, skrifstofustjóri á skrifstofu velferðarsviðs,
Ólafía Magnea Hinriksdóttir, starfandi forstöðumaður á skrifstofu velferðarsviðs,
Aðrir starfsmenn á þjónustumiðstöðvum og Félagsbústöðum eftir því sem við á.

Starfstími:

Starfshópurinn starfar frá 1. ágúst 2019 til 30. nóvember 2019.

Vinnutilhögun:

Hópstjóri ber ábyrgð á að kalla hópinn saman og skila niðurstöðum starfshópsins til ábyrgðarmanns eigi síðar en 30. nóvember 2019. Vista skal fundargerðir og niðurstöður starfshóps í GoPro.

Reykjavík 19. júní 2019.

Regína Ásvaldsdóttir
sviðsstjóri velferðarsviðs